

Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga

Reglugerðin var birt í samráðsgátt stjórnvalda dagana 10. nóvember til 12. desember sl. Alls bárust sjö umsagnir í gegnum samráðsgáttina, þrjár frá sveitarfélögum, auk umsagna frá Landssamtökunum Þroskahjálp, Þjóðskrá Íslands, KPMG ehf. og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá barst í gegnum tölvupóst umsögn Sveitarfélagsins Voga. Innviðaráðuneytið þakkar fyrir framkomnar umsagnir.

Rafrænar íbúakosningar

Samhljómur var með umsögnum Akureyrarbæjar, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Sveitarfélagsins Voga sem öll gerðu athugasemdir við að reglugerðin taki ekki til rafrænna kosninga. Ráðuneytið bendir á að um rafrænar íbúakosningar gildir 134. gr. sveitarstjórnarlaga og í gildi er reglugerð um rafrænar íbúakosningar, nr. 966/2018. Á grundvelli ákvæðisins hefur ráðherra skipað ráðgefandi nefnd með rafrænum kosningum og er nefndinni ætlað að skila tillögum að framkvæmd rafrænna íbúakosninga á næstunni. Gert er ráð fyrir að reglugerðin verði uppfærð þegar tillögur nefndarinnar liggja fyrir.

Réttindi fatlaðs fólks

Landssamtökin Þroskahjálp leggja sérstaka áherslu á að reglugerðin samræmist réttindum fatlaðs fólks og lýsa yfir vilja til samráðs um málið með vísan í samráðsskyldu stjórnvalda. Ráðuneytið tekur undir umsögn Þroskahjálpar og hefur gætt að því við smíði reglugerðardraganna að gætt sé að réttindum fatlaðs fólks við íbúakosningar og eru ákvæði kosningalaga og reglugerða sem sett eru á grundvelli laganna um aðstoðarmenn við kosningar færð nánast óbreytt í reglugerðardrögin. Þá er einnig kveðið á um að heimilt sé að njóta aðstoðar við póstkosningu.

Prentuð kjörskrá

Þjóðskrá Íslands telur mikilvægt að fram komi að kjörskrá verði afhent með rafrænum hætti frá stofnuninni þrátt fyrir að stuðst verði við prentaða kjörskrá. Þá þurfi að taka fram hver beri kostnað við vinnu Þjóðskrár Íslands við íbúakosningar.

Í ljósi ábendinga frá Þjóðskrá og fleiri aðilum telur Samband íslenskra sveitarfélaga mikilvægt að skýrt sé kveðið á um að kjörskrá megi afhenda sveitarfélagi með rafrænum hætti og að um leið og hægt verði að bjóða upp á rafræna kjörskrá verði reglugerðinni breytt þannig að miðað verði við rafræna kjörskrá sem meginreglu. Í umsögn Reykjavíkurborg er bent á að reglugerðin miðar við prentaða kjörskrá en ekki rafræna, eins og er meginregla skv. kosningalögum.

Reglugerðardrögin miða við prentaða kjörskrá þar sem ljóst er að rafræn kjörskrá verður ekki tilbúin hjá Þjóðskrá fyrr en að vori til 2024. Gert er ráð fyrir að gerð verði breyting á reglugerðinni þegar rafræna kjörskráin er tilbúin og hún taki mið af því að íbúakosningar fari fyrst og fremst fram á grundvelli rafrænnar kjörskrár. Gerðar hafa verið breytingar á reglugerðardrögunum að því leyti að Þjóðskrá Íslands er veitt heimild til að afhenda kjörskrá með rafrænum hætti.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Sambandið telur mikilvægt að fá viðbrögð frá fjölkjarna sveitarfélögum um hvort þau telji þá framkvæmd um opnun kjörstaða sem lýst er vera nægilega hentuga. Sambandið telur mikilvægt að framkvæmd íbúakosninga á grundvelli nýrrar reglugerðar verði vöktuð á næstu

árum. Mikilvægt er að umgjörð íbúakosninga sé ekki of íþyngjandi fyrir sveitarfélög, á sama tíma og leggja verður áherslu á vandaða framkvæmd þeirra. Ráðuneytið tekur undir framkomna umsögn og telur mikilvægt að framkvæmd íbúakosninga á grundvelli hinnar nýju reglugerðar verði skoðuð vandlega næstu ár.

Sameiningakosningar

KPMG leggja til að það komi fram í reglugerð og fyrirmynd að reglum fyrir sveitarfélög að kosningar um sameiningar sveitarfélaga eigi að fara fram í samræmi við kosningalög.

Ráðuneytið hefur átt samtali við Landskjörstjórn um hvort tilefni sé til að halda óbreyttri framkvæmd sameiningakosninga í samræmi við athugasemdir KPMG. Bent hefur verið á að þó ekki hafi verið gerðar alvarlegar athugasemdir við framkvæmd sameiningakosninga er ljóst að ákveðinn vafi leikur á um hvaða reglur kosningalaga gilda um framkvæmd slíkra kosninga. Þá er framkvæmd sameiningakosninga bæði umfangsmikil fyrir stjórnarsýsluna og kostnaðarsöm fyrir sveitarfélög og hið nýja fyrirkomulag íbúakosninga mun auka aðgengi íbúa að slíkum kosningum og létta á kröfum vegna framkvæmd þeirra. Telur ráðuneytið því að rök mæli með því að hið nýja fyrirkomulag íbúakosninga sveitarfélaga taki einnig til framkvæmdar sameiningakosninga.

Póstkosning

Reykjavíkurborg bendir í umsögn sinni á að nýlega hafi verið birt skýrsla dómsmálaráðherra um póstkosningar á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í kosningalögum þar sem virðist að ekki sé mælt með póstkosningu. Innviðaráðuneytið tekur ekki undir þá túlkun á niðurstöðu skýrslunnar, heldur telur að fyrst og fremst hafi skýrslan fjallað um kosti og galla við póstkosningar og að dregin séu fram þau atriði sem þarf að huga að varðandi slíka kosningu. Þá er eðli íbúakosninga sveitarfélaga annað en kosninga til Alþingis eða sveitarstjórna og því eðlilegt að ekki sé gert ráð fyrir sama umfangi við slíkar kosningar.

Samræming við kosningalög

Reykjavíkurborg bendir á að samræma þurfi reglugerðina betur gildandi kosningalögum. Í umsögninni komu jafnframt fram margar athugasemdir varðandi einstakar greinar, s.s. varðandi skýrleika, breytt orðalag, samræmi milli einstakra ákvæða reglugerðarinnar, tillögur að úrbótum o.fl.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á reglugerðardrögum með hliðsjón af athugasemdum Reykjavíkurborgar og reynt hefur verið eftir fremst megni að taka mið af meginreglum kosningalaga að því leyti sem nauðsynlegt er. Markmið reglugerðarinnar er þó að draga úr umfangi íbúakosninga og auka aðgengi íbúa að slíkum kosningum og hverfa reglugerðardrögin því einnig að einhverju leyti frá ákvæðum kosningalaga hvað það varðar.

Önnur atriði

Eftir viðamikla greiningu á kosningalögum og dómum og úrskurðum Hæstaréttar er snúa að gildi kosninga hér á landi, er það niðurstaða ráðuneytisins að ákvæði sveitarstjórnarlaga sem kveða á um að a) íbúakosningar sveitarfélaga skuli vera leynilegar, b) kosningaréttur í íbúakosningum skal fara eftir kosningalögum og c) reglur um kjörskrá skuli fara eftir kosningalögum, hafa það í för með sér að ekki er fært að veita sveitarfélögum mikið svigrúm við framkvæmd íbúakosninga, jafnvel þeirra sem ekki eru bindandi, en helst er hægt að veita slíkt svigrúm við kosningar sveitarfélaga í nefnd fyrir hluta sveitarfélags. Reglugerðardrögin eru því sett upp með þeim hætt að ítarlega er mælt fyrir um þær reglur sem sveitarfélög skuli

setja sér um íbúakosningar og er sveitarfélögum fyrst og fremst veitt færi á að þrengja reglurnar enn frekar.

Til að einfalda enn frekar framkvæmd íbúakosninga sveitarfélaga og minnka umfang þeirra mun innviðaráðuneytið leggja til að í frumvarpi um breytingar á kosningalögum sem fyrirhugað er að leggja fram á vörþingi 153. löggjafarþings, verði gerðar breytingar á 133. gr. sveitarstjórnarlaga sem fjallar um íbúakosningar. Tillaga að breytingum mun m.a. fela í sér að ekki verðið kveðið á um að kosningaréttur til íbúakosninga og reglur um kjörskrá fari eftir kosningalögum, heldur verður kveðið á um slík atriði í sveitarstjórnarlögum. Þá verður fallið frá því að sveitarfélög setji sér reglur um íbúakosningar og stað þess mun framkvæmd íbúakosninga fyrst og fremst styðjast við reglugerð um íbúakosningar.